TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

Eyravegi 9, 800 Selfoss · Sími: 482 1717 · tonar@tonar.is · www.tonar.is

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfossi

Selfossi 24. apríl 2026

**Efni: Ósk um aukinn fjölda klst. til tónlistarkennslu í Sveitarfélaginu Árborg frá 1. ágúst 2026**

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026 samþykkti bæjarstjórn Árborgar að auka kennslukvóta Tónlistarskóla Árnesinga um 5 klst. frá 1. ágúst 2026. Miðað við þá aukningu verður heildarfjöldi kenndra klst. þá kominn í 223,5 klst.

**Biðlisti**
Nemendum á biðlista í Árborg hefur fjölgað gríðarlega í vetur og voru nöfnin orðin 60 talsins þann 9. apríl sl.

Það er mjög erfitt að horfa upp á að svo margir nemendur komist ekki í tónlistarnám, enda er það einn af þeim þjónustuþáttum sem fólk horfir til þegar það flytur í sveitarfélagið.

**Ósk um viðbót**
Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir **30 klst. viðbót frá 1. ágúst 2026** (þ.e. 25 klst. til viðbótar við þær 5 klst. sem samþykktar voru við gerð fjárhagsáætlunar 2026).

Til viðmiðunar, þá voru haustið 2022 kenndir klst. 237,5.
Frá 2022 hefur íbúum í Árborg fjölgað úr 10.664 í 12.671, eða um 18,8%.

**Kostnaður.** Hver klukkustund kostar um 1.019.000 á ári.
(Innifalið í kostnaði eru auk einkakennslunnar m.a. allir tónfræðitímar, samspil og hljómsveitastarf og allur annar launatengdur kostnaður vegna kennslunnar).

**ATH**. Sveitarfélagið greiðir aðeins fyrir þá tíma sem nýttir eru.

Með von um góðar undirtektir,

*Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri*